

lausafjórðungið afdráttarlaust. Var nú sýslunefndunum boðið að leiðrjetta þessar og þvilfkar misfellur í næstu reikningum. Sömu leiðis var afráðið, að áminna þá sýslumenn, sem ekki höfðu enn þá sent sýslusjóðsreikningana, að senda þá hið allra fyrsta.

23

Því næst voru yfirfarin endurrit af gjörðabókum allra sýslunefnda í amtinu og gjörðar við sumar þeirra athugasemdir, er einkum voru sprottnar af því, að sumar sýslunefndirnar höfðu undanfellt að gjöra reglulegar áætlanir um tekjur og gjöld sýslusjódanna á yfirstandanda ári.

Hinn setti lækni í Þingeyjarsýslu, Júlíus Halldórsson, hafði beiðzt að fá 150 króna þóknun af jafnaðarsjóði amtsins til viðbótar við styrk þann, er hann fjeck af landssjóði til ferðarinnar úr Reykjavík norður í Þingeyjarsýslu haustið 1874. Voru nú læknum veittar 50 krónur í þessu skyni.

Enn fremur voru veittar 100 krónur af jafnaðarsjóðnum til kennslustyrks handa heryrnarláusri og málláusri stúlku, Önnu Sigríði Magnúsdóttur, frá Skeggjastöðum í Jökuldal.

Þá var rætt um kostnaðinn við vörð þann, er settur var um sumarið 1875 við Hvitá í Borgarfirði á sameiginlegan kostnað norður- og austuramtsins og vesturamtsins til að verjast útbreiðslu fjárkláðans til þessara umdæma. Skjöl og reikningar, er forseti fram lagði í þessu máli, sýndu, að allur varðkostnaðurinn var samtals 17,445 kr. 70 aur. Af þessu bar jafnaðarsjóðnum fyrir norðan og vestan að borga helminginn, eður 8,722 kr. 85 aura. Nú höfðu lausafjórðungið haustið 1875 verið hjer í amtinu 30,218½, en í vesturamtinu 11,322½, og þegar helmingi varðkostnaðarins var skipt niður á báða jafnaðarsjóðina eptir þessari tiltölu, komu á jafnaðarsjóð norður- og austuramtsins 6,345 kr. 33 aur. Samþykkti amtsráðið, að þetta fje væri greitt úr sjóðnum. En hinum helmingi varðkostnaðarins jafna amtmennirnir á fjáreigendur í þeim sýslum beggja amtanna, sem einkum og beinlínis átti að tryggja með verðinum.

Fleiri málum varð eigi ráðið til lykta á þessum fundi, með því ýmsar tillögur vantaði frá sumum sýslunefndunum, og ýmsa reikninga frá sumum sýslumönnunum.

.33

C.

Fundur amtsráðs norður- og austurumdæmisins á Akureyri 19. og 20. sept. 1876.

24

Á fundinum voru amtmaður Chr. Christjánsson sem forseti, og amtsráðsmennirnir Einar Ásmundsson og Jón Sigurðsson.

Voru þar fyrir tekin þessi mál:

1. Rannsakaðir sýslusjóðsreikningar fyrir árið 1875 úr Þingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu, er vantað hafði, þá er síðasti amtsráðsfundur var haldinn.
2. Samdi amtsráðið eptir fyrirmælum landshöfðingja tillögur um það, hverjir vegir skyldu vera fjallvegir í norður- og austuramtinu eptir lögum 15. október 1875, og tiltók ráðið þá vegi, sem hjer eru taldir.

A. Fjallvegir milli landsfjórðunga:

1. Sprengisandsvegur.
2. Vatnahjallavegur,
3. Stórasandsvegur.
3. Grímstungnaheiðarvegur.

B. Fjallvegir milli sýslna:

1. Lónsheiði, milli Álptafjarðar í Suðurmúlasýslu og Lóns í Skaptafellssýslu.

Hinn 14. apríl 1877.

- 24**
2. Vestdalsheiði, milli Eyðapinghár í Suðurmúlasýslu og Seyðisfjarðar í Norðurmúlasýslu.
 3. Mývatnsöræfi og Dimmifjallgarður, milli Mývatnssveitar í Þingeyjarsýslu og Vopnafjarðar í Norðurmúlasýslu.
 4. Hallgilsstaðaheiði, milli Sauðaneshrepps í Þingeyjarsýslu og Skeggjastaðahrepps í Norðurmúlasýslu.
 5. Þingmannavegur yfir Vaðlaheiði, milli Kaupangssveitar í Eyjafjarðarsýslu og Fnjóskárdals í Þingeyjarsýslu.
 6. Öxnadalsheiði, milli Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu.
 7. Heljardalsheiði milli Svarfaðardals í Eyjafjarðarsýslu og Kolbeinsdals í Skagafjarðarsýslu.
 8. Siglufjarðarskarð, milli Siglufjarðar í Eyjafjarðarsýslu og Fljóta í Skagafjarðarsýslu.
 9. Vatnsskarð, milli Skagafjarðar og Húnavatnssýslu.
 10. Gönguskarðsvegur yfir Kolugafjall, milli Sauðárhrepps í Skagafjarðarsýslu og Hallárdals í Húnavatnssýslu.

Sjer í lagi lagði amtsráðið það til, að skoðun væri gjörð á Grímstungnaheiði, og reynt að gjöra veginn yfir hana beinni og styttri; einnig að þessi vegur og þar næst Stórasandsvegur yrðu látnir sitja fyrir vegabótum fjórðunga í milli, en Mývatnsöræfi og Dimmifjallgarður af vegum þeim, sem taldir eru undir staffið B, með því vegur sá hefir spillzt mjög af eldgosunum 1875.

3. Var öllum sýslum umdæmisins skipt í y f i r s e t u k v e n n a - u m d e m i samkvæmt yfirsetukvennalögum 17. des. 1875, og urðu eptir þessari skiptingu alls 63 yfirsetukvenna-umdæmi í norður og austurumdæminu¹.
4. Þá kom til umræðu bóнарbrjef frá Snorra d ý r a l æ k n i Jónssyni um ríflegan styrk af jafnaðarsjóðnum til þess að rannsaka og ráða bót á bráðapest í Múlasýslunum. Var samþykkt, að veita Snorra í þessu skyni í eitt skipti 200 krónur, eins og amtmaðurinn hafði þegar veitt ádrátt um eptir tillögu landshöfðingjans, og ekkert frekar. Var svo fundi slitið.

D.

25 Fundur amtráðs norður og austurumdæmisins á Akureyri 14.—18. desember 1876.

Á fundinum voru amtmaður Chr. Christjánsson, forseti amtsráðsins, og amtsráðsmenn Einar Ásmundsson og Jón Sigurðsson.

Voru þar teknir til skoðunar og rannsóknar reikningar fyrir árið 1875 yfir þjóðvegasjóði allra sýslna í umdæminu, að Skagafjarðarsýslu undanskilinni, því þaðan voru reikningarnir enn þá eigi komnir. Gjörði amtsráðið eptir nákvæma yfirskoðun fleiri eða færri athugasemdir við sjerhvern þessara reikninga, og mælti svo fyrir, að sýslumennirnir tæki þær til athugunar, þegar þeir semja reikningana fyrir 1876.

Forseti lagði fyrir amtsráðið brjef frá landshöfðingjanum, dags. 25. sept. 1875, og annað frá bæjarfógetanum á Akureyri, dags. 27. f. m. Bæði þessi brjef hljóðuðu um skipun l ö g r e g l u þ j ó n s o g f a n g a v a r ð a r á Akureyri, og beiddist bæjarfógetinn ákvörðunar amtsráðsins um það, hve mikla borgun greiða mætti fyrir eptirlit með fongum þeim, er settir kunna að verða í fangahúsið á Akureyri. Amtsráðinu virtist eigi þörf á að svo komnu, að ráða fastan mann til fangavarðar, en áleit hentara, að fá mann til fangagæzlu í hvert skipti, sem á þarf að halda. Var ákveðið, að veita mætti þeim manni 2 kr. 66 aura á dag í þóknunarskyni fyrir fangagæzluna, um tímabilið frá miðjum apríl-

1) Skrá yfir yfirsetukvennaumdæmi þessi er prentuð í blaðinu „Norðanfara“ 1876, bls. 111.